

REGLUGERÐ

um starfrækslu jarðstöðva fyrir móttöku sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfrækslu jarðstöðva til móttöku sjónvarpsefnis, sem flutt er um fjarskiptatungl. Jarðstöð merkir hér hvers konar búnað, sem notaður er til að koma á fjarskiptasambandi um fjarskiptatungl.

Reglugerð þessi tekur þó ekki til sendinga frá sjónvarpsgervitunglum sem gagnert eru ætlaðar til að dreifa dagskrá beint til notenda.

2. gr.

Ráðherra gefur út leyfi til einstaklinga til að starfrækja jarðstöðvar til móttöku sjónvarpsefnis fyrir eigin not.

Ráðherra gefur einnig út starfræksluleyfi til aðila, sem dreifa mótteknu sjónvarpsefni innanhúss, þó ekki í atvinnuskyni.

Leyfi verður einungis veitt að fengnu samþykki eigenda fjarskiptatunglsins og viðurkenningu á því að móttökubúnaðurinn sé í samræmi við setta staðla.

Umsækjandi ber ábyrgð á að heimildar réttihafa hinnar tilteknu sjónvarpsrásar hafi verið aflað.

Leyfi samkvæmt þessari grein gilda í 10 ár.

Áður en afstaða er tekin til umsókna um leyfi samkvæmt 1. og 2. mgr. skal leita umsagnar Póst- og símamálastofnunar um erindin.

3. gr.

Seljendur móttökubúnaðar skulu fullvissa sig um að kaupendur og notendur búnaðarins hafi aflað tilskilinna leyfa samkvæmt 2. gr., áður en hann er afhentur.

4. gr.

Umsóknir um leyfi skulu sendar samgönguráðuneytinu ásamt nákvæmari lýsingu á þeim búnaði sem verður notaður.

5. gr.

Í þeim tilvikum, sem sjónvarpsefni frá fjarskiptatunglum er dreift áfram til almennings um útvarpsdreifikerfi, hvort sem það kann að vera gert á vegum opinberra stofnana eða einkaaðila á sviði sjónvarpsrekstrar, annast Póst- og símamálastofnun móttöku þess og sendingu ef um hana er að ræða.

Þegar um er að ræða tímabundna móttöku efnis getur stofnunin heimilað viðkomandi aðila að annast móttökuna sjálfur undir eftirliti.

6. gr.

Þeir sem taka á móti sjónvarpsefni frá fjarskiptatunglum eru ábyrgir fyrir greiðslu á afnotagiöldum, sem eigendur fjarskiptatunglanna krefjast fyrir aðgang að sendingum þeirra. Póst- og símamálastofnun sér um innheimtu gjaldanna.

7. gr.

Gjöld fyrir starfræksluleyfi samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar skulu ákveðin með gjaldskrá sem ráðherra setur.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73, 28. maí 1984, um fjarskipti, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 7, 8. janúar 1986 sbr. nr. 314/1986.

Samgönguráðuneytið, 11. janúar 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Hafnarfjarðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að nota heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 1964 til að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krýsuvíkurvegar, er lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 46/1964 og lóðum og fasteignum þeim í landi Setbergs og Þórsbergs sem lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 34/1978.

Nánar til tekið eru eignir þessar m.a.:

Jörðin Lónakot (þjóðskr. nr. 9999-4000).

Jörðin Óttarstaðir, þar með talið gamla býlið Óttarstaðir II, Óttarstaðagerði, Glaumbær og aðrar eignir á jörðinni.

(Þjóðskr. nr.

9998-5000 9999-5000

9998-5100 9999-5100

9998-5200 – Glaumbær – 9999-5120

9998-5300 9999-5130

9998-5500 9999-5140

9998-5600 9999-5150

9998-5700 9999-5160

9998-5800 – Óttarstaðagerði)

Þýskabúð (þjóðskr. nr. 9998-6800).

Land Skógræktar ríkisins og Landgræðslusjóðs (þjóðskr. nr. 6950-9700 og 6950-9810).

Landspildur Ísl. álfélagsins hf. (þjóðskr. nr. 6950-9800 og 9998-9800 – Gerði –).

Sá hluti jarðarinnar Setbergs, sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Sá hluti eignarinnar Þórsbergs, sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.